



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Hugur og heimur
Verk Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals**

**Kjarvalsstöðum
5. febrúar 2016**

Ágætu sýningargestir

Það er stundum haft til marks um sess bókmenntanna í þjóðarvitund og sjálfstæði Íslendinga að sérhver sem kjörinn er til setu á Bessastöðum, fær ábyrgð forsetans á sínar herðar, finni á staðnum iðulega til návistar skáldanna; Snorra Sturlusonar sem nýtti túnin í þágu efniviðar í handritin; Jónasar Hallgrímssonar sem naut leiðsagnar Sveinbjarnar Egilssonar þegar stíllinn tók að mótast; Benedikts Gröndals sem ungur var að leik í föðurgarði; Einars Benediktssonar í fóstri hjá Grími Thomsen; Theodóru Thoroddsen að yrkja og skrifa í Þjóðviljann.

Þetta er merkur listi – mæta þó bæta fleirum við– og gæfa að staðurinn skuli bera með sér angan slíkrar sögu; áminningu um að enginn getur svo vel sé gegnt embætti forsetans án þess að þekkja þessar rætur, kunna skil á bókmenntunum og sögunni.

Sama máli gegnir um list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, málverkin sem mótað hafa sýn okkar á náttúru landsins, skilning okkar á fegurðinni sem felst í hinu smáa, sínfóníu litanna sem getur birst okkur í einum kletti, mosapúfu eða hraundranga, í verkunum sem færðu þjóðsögurnar inn í hamrabeltin, birta huldumeyjar að leik við fossa; verk sem í raun gáfu okkur nýtt Ísland og þjóðinni vilja til að vernda og njóta, jafnvel berjast fyrir hrauninu sem Kjarval hafði gert að álfabyggð.

Það er kannski til marks um höfuðsess Kjarvals í íslenskri menningu og orðspori okkar víða um veröld hve oft ég hef í forsetatíð haldið ræður honum til heiðurs, opnað sýningar í Pétursborg og Kaupmannahöfn, hér á Kjarvalsstöðum og á bernskuslóðum í Borgarfirði eystra.

Ræðan hér í dag er hin sjötta í röðinni af formlegum ræðum, sem ég hef haldið um Kjarval, og eru þá ótalin hundruð samræðna við erlenda og innlenda gesti á Bessastöðum þar sem verk hans prýða vegg, um túlkunina á huliðsheimum náttúrunnar, vald hans á ólíkum viðfangsefnum, fegurðina í litla álfamálverkinu sem og hinum stóru sem prýða höfuðsalinn.

Enginn málari á jafn mörg verk á Bessastöðum og því mætti til áréttingar í starfslýsingu fyrir þá sem nú stefna til Bessastaða nefna að góð skil á Snorra, Jónasi og fleiri skáldum sem og á Kjarval sé nánast forsenda að farsælum ferli.

Þessu til staðfestingar langar mig að vitna í ávarp sem ég flutti hér í safninu fyrir rúmum tíu árum þar sem ég lýsti hinum sterku áhrifum sem list Kjarvals hafði á forseta Ítalíu og var sá þó góðu vanur í heimslistinni:

„Þegar forseti Ítalíu Oscar Luigi Scalfaro kom hingað í opinbera heimsókn fyrir fáeinum árum var honum að venju vel fagnað á Bessastöðum en fljótlega stóð hann hugfanginn við mynd Kjarvals: Mosi og hraun, málverk sem endurskapar smásæja litadýrð í návígi íslenskrar náttúru, fjöllin óljós í fjarska.

Scalfaro hélt í fyrstu að hér væri um að ræða abstraktverk enda hafði hann þá ekki séð hraunbreiður landsins, en svo hreifst hann af verkum Kjarvals að hann bauð íslenskum málurum að sýna í hinni fornfrægu byggingu Englakastalanum í Róm og var það í fyrsta sinn í nær tvö þúsund ára sögu að málverk voru sett þar á vegg.“

Já, svo mörg voru þau orð og ógleymanlegt að opna svo þessa sýningu á verkum Kjarvals og fleiri íslenskra málara í einni af höfuðbyggingum Rómar, reyndar hápunktur í opinberri heimsókn til Ítalíu.

Fyrst ræða mín er nú á annað borð að fá á sig svona persónulegan minningablæ – kannski vitnisburður um að ég sé búinn að vera of lengi í embættinu – langar mig að deila með ykkur æskuminningum um Þorvald Guðmundsson; kannski líka til að við skiljum betur frumkvöðlahlutverk hans og Ingibjargar í varðveislu íslenskrar myndlistar, hvernig stuðningur einstaklinga skipti sköpum fyrir þann listaarf sem við nú njótum, hvernig maður sem gerðist ungur brautryðjandi í rækjuvinnslu á Ísafirði, á þeirri tíð þegar þjóðin var enn meðal hinna fátækustu í álfunni, nýtti síðar arðinn af daglegri önn við að afgreiða kjöt og fisk í Þingholtunum og öðrum umsvifum sínum til að gera málurum kleift að lifa af í amstri og erfiði hinnar hversdagslegu glímu.

Faðir minn ræddi oft um athafnagleði Þorvaldar þegar hann kom ungur vestur á Ísafjörð og þegar við fluttum suður og bjuggum á Óðinsgötunni var iðulega haldið í Síld og fisk til að kaupa í matinn og tilhlökkunarefni ef Þorvaldur var sjálfur við afgreiðsluna. Búðin var næsta lítil á mælikvarða nútímans en lýsti vel kostum eigandans og þrátt fyrir glæsta sögu á fleiri sviðum athafna og rekstrar varð þessi litla búð ávallt merkið sem tengdi hann og þjóðina saman.

Það er svo líka vitnisburður um hve hægt gekk að búa listamönnum aðstöðu til sköpunar að þau hjón, Þorvaldur og Ingibjörg, skyldu oft með kaupum sínum á málverkum verða í raun bjargvættir málaranna þegar listin skilaði litlum eða jafnvel engum tekjum.

Þorvaldur og Ingibjörg urðu því á sinn hátt eins konar menningarstofnun, sérstakur kaflí í íslenskri listasögu, og því fer vel á því að heiðra framlag þeirra um leið og við fáum hér í sölum safnsins tækifæri til að skoða Kjarval á nýjan hátt, leita í Lífshlaupinu leiðarstefja í allri hans list.

Saga þessara góðu hjóna er líka áminning til okkar um skyldurnar sem atvinnulíf og ríkisvald bera gagnvart listsköpun í landinu, að framleiðslan er ekki bara til að færa arð í bú eigendanna né heldur sé skattheimtan bara í þágu ráðuneyta.

Listir og menning skipta sköpum í örlögum þjóða. Og þegar Kjarval, Þorvaldur og Ingibjörg gera okkur nú enn á ný kleift að ganga á vit töfra málverkanna, þá er rétt fyrir okkur öll, ráðamenn sem og almenning, að festa í minni að ævi þeirra þriggja er þarfur vegvísir; til vitnis um þann sannleika að farsæl sambúð menningar og atvinnulífs, listamanna og ríkisvalds gerir okkur kleift að vera áfram þjóð meðal þjóða.

Lýsi ég sýninguna Hugur og heimur hér með opna.